

# HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Umhverfis- og samgögnunefnd Alþingis  
b.t. nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. september 2014

1409050HA VRH  
Málalykill: 613

## Efni: Umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum.

Stjórn Hafnasambands Íslands vill koma eftirfarandi á framfæri, til viðbótar við umsögn hafnasambandsins sem send var umhverfis- og samgöngunefnd 23. september sl.

Athygli er vakin á að eftirfarandi ákvæði er að mati hafnasambandsins of hamlandi fyrir þá þjónustu sem hafnir veita í dag og í ljósi þróunar næstu ár. Eðlilegt er að hafnirnar hafi heimild til að veita nauðsynlega þjónustu hverju sinni gegn eðlilegu gjaldi án þess að slík tilvik séu háð tæmandi upptalningu í hafnalögum.

a. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 11. tölul., svohljóðandi: Auk gjalda skv. 2.–10. tölul. er höfn heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld vegna almennrar hafnarþjónustu sem veitt er í viðkomandi höfn.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



---

Gísli Gíslason  
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

# HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
b.t. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. september 2014

1409050HA VRH  
Málalykill: 613

## Efni: Umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum.

Hafnasamband Íslands hélt hafnasambandsþing í Dalvíkur- og Fjallabyggð dagana 4. og 5. september 2014. Þar var m.a. fjallað um breytingar á hafnalögum. Á fundinum var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun:

*"Hafnasambandsþing haldið dagana 4. og 5. september í Dalvík og Fjallabyggð skorar á Alþingi að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar á hafnalögum með þeim breytingum sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis lagði til við frumvarpið.*

*Hafnir á Íslandi eru einn af hornsteinum samgöngukerfis landsins og eins og kemur fram í skýrslu sem Hafnasamband Íslands lét vinna um efnahagsleg áhrif hafna, uppspretta atvinnu- og efnahagslífs. Þær breytingar sem lagðar eru til á hafnalögum eru til þess fallnar að styrkja starfsemi hafnanna, sem er mikilvæg forsenda þess að unnt verði að nýta þau tækifæri sem auknar siglingar um og í kringum Ísland geta leitt af sér."*

Í fyrri umsögn um sama frumvarp var getið ályktunar hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum árið 2012 þar sem lagt var til að eftirfarandi breytingar yrðu gerðar á efni frumvarpsins:

1. Í 13. grein er tillaga að breytingu á 24. grein laganna. Lagt var til að við b-lið bætist orðin „og endurbætur“ og hljóði þá „Endurnýjun og endurbætur á bryggju í eigu hafnarsjóðs“ og svo framvegis.
2. Í 6. grein er gerð tillaga að breytingu á 17. grein laganna og lagði Hafnasambandsþing í Vestmannaeyjum árið 2012 til að aflagjald verði minnst 1,5%.
3. Á sama þingi var lagt til að virðisaukaumhverfi hafna verði það sama hvort sem rekstrarform hafnar sé í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar eða höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Þá hefur stjórn Hafnasambands Íslands fjallað um fyrirbyggjandi frumvarp og áður gert sömu athugasemdir og hafnasambandsþing ályktaði um. Stjórnin er

sammála meginefni frumvarpsins og leggur áherslu á að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Auk ofangreindrar ályktunar hafnasambandsþings vill stjórnin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- a) Af hálfu Hafnasambands Íslands er eindregið óskað eftir því að eftirfarandi verði bætt við ákvæði 17. greinar hafnalaga: "Kaupandi afla innheimti gjaldið hjá seljanda og standi höfn skil á því" og "Sama á við um uppboðsmarkaði sjávarafra sbr. lög nr.79/2005." Umrædd málsgrein myndi því hljóða þannig: „Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld [skv. a-, c-, d- og e-lið]. Kaupandi afla skal innheimta aflagjaldið hjá seljanda og standa höfn skil þá því. Sama á við um uppboðsmarkaði sjávarafra sbr. lög. 79/2005. Móttakandi vöru skal greiða til hafnar gjöld .....o.s.frv.“
- b) Ljóst er að við lögleiðingu frumvarpsins þarf að setja skýrar reglur um þau skilyrði sem hafnir þurfa að uppfylla til þess að njóta framlags ríkisins til endurbóta eða nýframkvæmda. Æskilegast og eðlilegast væri að reglugerð um þetta efni lægi fyrir áður en frumvarpið er samþykkt af Alþingi. Fyrst svo er ekki þá beinir Hafnasambandið því til Alþingis og innanríkisráðherra að fullt samráð verði haft við hafnasambandið um þær reglur sem útfærðar verða í þessu efni.
- c) Af hálfu Hafnasambands Íslands er bent á mikilvægi þess að við útfærslu reglna um framlög ríkisins til framkvæmda verði jafnræðis gætt milli hafna.
- d) Varðandi neyðarhafnir er það skýlaus krafa hafnasambandsins að þær hafnir verði skaðlausar vegna atvika sem leiða til þess að skipi eða skipum sé þar komið fyrir um stundarsakir.

Framangreindum efnisbreytingum er hér með komið á framfæri og óskað eftir að þær verði teknar til efnislegrar skoðunar við gerð endanlegs frumvarps um breytingar á hafnalögum. Þær breytingar sem hafnasambandið leggur til á hafnalögum eru mikilvægar til þess að styrkja hlutverk hafna fyrir atvinnulíf byggða og samgöngukerfi landsins.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason  
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands



Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kristjana Benediktsdóttir, ritari  
Austurstræti 8-10  
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 23. september 2014

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, þingskjal 5-5. mál.

Landssamband fiskeldisstöðva (LF) gerir athugasemd við 17. gr. gildandi hafnarlaga nr. 61/2003, „Gjöld“ og vekur athygli nefndarinnar á að í gjaldskrá nokkurra hafna sem LF hefur skoðað á Vestfjörðum er fiskeldisfyrirtækjum gert að greiða **aflagjald** af framleiddum eldisfiski sem fluttur er úr kví um hafnarsvæði í sláturhús eða fiskverkun á landi. Aflagjaldið reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans eða á sama grundvelli og reiknað aflagjald frystiskipa. Þá er fiskeldisfyrirtækjum sem nýta hafnaraðstöðu fyrir seiðaflutninga í kví gert að greiða allt að 1,6% verðmætis í aflagjald til hafnar.

Í 17. gr. tölul. 1.e er skilgreining á sjávarafurðum. Þar segir „Sjávarafurðir eru **sjávarafli**, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta til úr sjávarafla“. Í reglugerð um fiskeldi eru sjávarfiskar skilgreindir sem „Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó“. Í sömu reglugerð eru *lagardýr skilgreind sem*: „Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdýr“. LF telur því að eldisfiskur eða seiði af laxaætt séu hvorki sjávarafli, né sjávarfiskur heldur lagarfiskur.

Að mati LF eru viðkomandi hráefni fiskeldishráefni en ekki sjávarafli, verðmætið óskýrt enda er um að ræða „vöru í vinnslu“ eða vöru á mismunandi framleiðslustigi sem fær endalegt verðmæti við sölu afurðar eftir slátrun, þökkun og útflutning til kaupenda.

LF telur réttara að fiskeldisfyrirtækja greiði í stað aflagjalds eins og lagt er á nú, **magntengt vörugjald** af eldisfiski í vinnslu samkvæmt 17. gr. 1.b. Með slíkri breytingu er þjónustugjaldið magntengt (kr/tonn) í stað þess að vera áætluð eða huglæg verðmæti. Hér þarf líka að hafa það í huga að eldisfiskurinn er oftast í eigu sama eða tengds aðila fyrir og eftir löndun úr sláturskipi.

Landssambands fiskeldisstöðva leggur til að Alþingið geri breytingu á hafnalögum með það að markmiði að skerpa á lagarákvæðinu og gera gjaldstofninn skýrari með magntengingu í stað verðmætatenginu. Fiskeldi í sjó er að aukast bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Því er brýnt að lagaumhverfi fiskeldis í sjó verði bætt áður en atvinnugreinin stækkar mikið.

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva

Virðingarfyllt,

Guðbergur Rúnarsson  
framkv.st. Landssamband fiskeldisstöðva



Alþingi 22.9.2014

Málsnr.: 1409 035

Málalykill: 0.34.5

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b/t umhverfis- og samgöngunefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 19. september 2014

1402050SA GB  
Málalykill: 401

### Efni: Umsögn um frv. til br. á hafnalögum, 5. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. september 2014, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Um er að ræða frumvarp sem er endurflutt frá 143. löggjafarþingi. Gerðar hafa verið breytingar á frumvarpinu eins og rakið er á bls. 5-6 í greinargerð með frumvarpinu. Þær eru að mestu í samræmi við álit umhverfis- og samgöngunefndar á þingskjali 1144 - 234. mál. Með þessu breytingum er verulega komið til móts við sjónarmið Hafnasambands Íslands um málið og eru þær til umtalsverðra hagsbóta fyrir sveitarfélög sem reka hafnir, m.a. um hámarksstyrkhlutfall til hafnarframkvæmda og endurbóta í höfnum landsins.

Það er afstaða sambandsins að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu skynsamlegar og í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á undanförunum árum. Áhersla sambandsins hefur verið á það að taka á rekstrar- og skuldavanda hafna og laga löggjöfina að þeim raunveruleika sem flestar hafnir hér á landi búa við. Þetta frumvarp er tvímælalaust gott skref í átt að því markmiði.

Að öðru leyti tekur sambandið undir þær ábendingar um efni frumvarpsins sem fram koma í umsögn Hafnasambands Íslands.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

26. september 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum (rikisstyrkir o.fl.), 5. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Landssamband fiskeldisstöðva hafa áður sent inn umsögn um sambærilegt frumvarp sem flutt var á fyrri þingum. Að þessu sinni hafa ákvæði er tengjast breytingu á 17. gr. hafnalaga um þjónustugjöld verið felld brott úr frumvarpinu. Samtökin telja hins brýnt að ná fram breytingu á gjaldtökuákvæðum laganna og óska þess að í stað aflagjalds eins og nú er lagt á fiskeldisfyrirtæki verði tekið upp magntengt vörugjald af eldisfiski í vinnslu skv. 17. gr. 1.b.

Í gjaldskrá nokkurra hafna á Vestfjörðum er fiskeldisfyrirtækjum gert að greiða aflagjald af framleiddum eldisfiski sem fluttur er úr kví um hafnarvæði í sláturhús í landi. Aflagjaldið reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans eða á sama grundvelli og reiknað aflagjald frystiskipa. Þá er fiskeldisfyrirtækjum sem nýta hafnarstöðu fyrir seiðaflutninga í kví gert að greiða allt að 1,6% verðmætis í aflagjald til hafnar.


Í 17. gr. tölul. 1.e er skilgreining á sjávarafurðum. Þar segir „(s)jávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta til úr sjávarafli“. Í reglugerð um fiskeldi eru sjávarfiskar skilgreindir sem „(f)iskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó“. Í sömu reglugerð eru lagardýr skilgreind þannig: „Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdýr“. Samtökin telja því að eldisfiskur eða seiði af laxaætt séu hvorki sjávarafli, né sjávarfiskur heldur lagarfiskur og beri að flokka sem fiskeldishráefni en ekki sjávarafli. Verðmætið er óskýrt enda er um að ræða vöru á mismunandi framleiðslustigi sem fær endanlegt verðmæti við sölu afurðar eftir slátrun, þökkun og útflutning til kaupenda.


Með því að taka upp magntengt vörugjald af eldisfiski í vinnslu í stað aflagjalds verður komist hjá því að áætla verðmæti afurðanna sem alls ekki er alltaf einfalt eða auðvelt. Bent er á að eldisfiskurinn er oftast í eigu sama eða tengds lögaðila fyrir og eftir löndun úr sláturskipi og ekki lagt sérstakt mat á verðmæti hans á því stigi.

Samtökin óska þess að Alþingi geri breytingar á hafnalögum með það að markmiði að gjaldstofninn verði skýrari og miðist við magn í stað verðmætis. Fiskeldi í sjó eykst nú bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum og því er brýnt að bætt verði úr lagaumhverfi atvinnugreinarinnar.

Virðingarfyllt,

  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
f.h. Landssambands fiskeldisstöðva

  
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna